

**Fundargerð hreppsnefndar 12. maí 2016**

## **Fundur nr. 41 kjörtímabilið 2014 – 2018**

**Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 12. maí 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.**

Mætt til fundar:, Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

### **Dagskrá**

#### **1. 1. Almenn mál:**

1. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B hluta fyrir árið 2015 tekinn til síðari umræðu.

Síðan var bókað:

Á fundi sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps þann 3. september 2014 var samþykkt tillaga þess efnið að skipa starfshóp til að gera úttekt á stjórnskipulagi Vopnafjarðarhrepps.

Í starfshópnum áttu sæti Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Starfshópurinn skilaði tillögum til sveitarstjórnar sem samþykktar voru á fundi 19. mars 2015 og tóku gildi 1. maí sama ár.

Lagt er til að starfshópurinn starfi áfram, fari yfir skipuritið og skoði hvernig til hafi tekist. Þá er lagt til að starfshópurinn fari yfir fjármál og rekstur sveitarfélagsins í heild og skili sveitarstjórn skýrslu um þætti sem vert er að skoða með hag sveitarfélagsins að leiðarljósi. Með hópnum starfi sveitarstjóri og kallar hann saman til funda.

Ársreikningurinn samhljóða samþykktur. Bókunin síðan borin upp og hún samhljóða samþykkt.

## 2. Umsögn um leyfi til reksturs ferðapjónustu að Ásbrandsstöðum

Að ósk sveitarstjóra kynnti Magnús Már málið en hann vann lokaúttekt á húsunum fyrr í dag. Gat hann þess að á fundi skipulags- og bygginganefndar 18.06.2013 var samhljóða samþykkt að heimila uppbygginguna. Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að veita jákvæða umsögn um málið.

## 3. Ársreikningur samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

### 2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

#### a) Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Samhljóða samþykkt að tilnefna Fanney Hauksdóttur ferða- og menningarmálafulltrúa sem tengilið Vopnafjarðarhrepps við verkefnastjórn er varðar landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

#### b) Hestamannafélaginu Glófaxa

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá málinu á grundvelli fjárhagsáætlunar.

#### c) Nefnd um uppbyggingu íþróttamannvirkja

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá málinu í samstarfi við Einherja er varðar gámaleigu.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna áfram að máli strandblakvallar.

### 3. Fundargerðir:

#### a) 384. Fundar Hafnarsambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

#### b) 838. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 17:13

[Fylgigögn fundar 120516.pdf](#)

